

FUNDARGERÐ

136. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 20. júní 2016 kl: 10 var haldinn símafundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Á fundinum voru:

Eyþór Garðarsson (EG), varaformaður
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Trausti Gylfason (TG)
Björn Guðmundsson (BG)

Á fundinum var auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður komst ekki og mætti varaformaður hennar Björn Guðmundsson frá Akranesi á fundinn. Ragnhildur Sigurðardóttir boðaði forföll. Eyþór Garðarsson varaformaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu á Akranesi 2016.

Heilbrigðisnefnd telur að efnisatriði gjaldskrárinnar séu í samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana. Björn Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

2. Fráveita á Akranesi við Steinsvör.

Fyrir liggur minnisblað frá Mannviti dagsett 18. maí s.l ásamt fundargerð samráðsfundar HB Granda hf, Orkuveitu Reykjavíkur (OR)og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 23. maí 2016.

Óskað hefur verið eftir að fráveita frá hrognavinnslu HB Granda á Akranesi fari í neyðarútrás OR við Steinsvör en ekki í gegnum fyrirhugaða hreinsistöð enda mundi stöðin ekki anna 165 l/sek til viðbótar almennu skólpi á Akranesi.

Fráveita hrognavinnslunnar, sem er í gangi 4-6 vikur á ári , mun samkvæmt minnisblaðinu hreinsuð með 0.75 mm bogsíu.

Heilbrigðisnefndin getur fallist á ofangreinda fráveitu frá hrognavinnslunni enda leggi HB Grandi hf inn nákvæmari gögn sem sýni útfærslu búnaðar og samþykki OR fyrir afnotum af þessari útrás sem er í eigu OR. Jafnframt verði útrás við Steinsvör lengd út fyrir stórstraumsfjöruborð. Heilbrigðisnefndin mun endurskoða málið eigi síðar en 1. maí 2017 enda ljóst að skipulagsmál munu taka breytingum á næstu misserum.

3. Arctic prótein, Vallarási 7-9 Borgarnesi.

Samþykkt að auglýsa starfsleyfi sem gildir til 1. júlí 2017.

4. HB- Grandi, fiskpurkun á Akranesi. Starfsleyfismál.

Lögfræðilegt álit vegna athugasemda, um tímabundið starfsleyfi, hefur ekki borist frá lögmannstofu.

Framkvæmdastjóra falið að svara athugasemdum í samráði við lögmannsstofuna. Útgáfu skammtíma starfsleyfis frestað.

5. Breytingar á lögum nr. 7/1998 vegna aðkomu heilbrigðisnefnda að afgreiðslumálum. Bréf sent til Umhverfis- og auðlindaráðuneyti þann 11. maí s.l. (sjá 5. lið. fundagerðar nr. 135)

Framkvæmdastjóra falið að ítreka erindi bréfs frá 11. maí til umhverfis- og auðlindaráðherra.

6. Sameining heilbrigðiseftirlitssvæða. – Áður lagt fram á síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri greindi frá svörum sem send höfðu verið frá heilbrigðiseftirlitssvæðunum. Ljóst er að SSV sendi ekki inn umsögn vegna málsins.

7. Undanþága vegna handlaugar á gististað, Brákarbraut 11. Seinagangur hjá ráðuneyti.

Framlagt bréf frá 26. maí s.l frá HeV til UAR um að veita umbeðna undanþágu Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

8. Starfsleyfi.

- Skeljungur Hreðavatnsskála, bensíndælur. Endurnýjun.
- Stofnungi Hvanneyri og Mófellsstöðum. Endurnýjun
- Hárcenter hárgreiðslustofa, Borgarbraut 61, Borgarnesi. Nýtt
- Arctic prótín Vallarási 7-9. Auglýsa starfsleyfi
- Sundlaugin Húsafelli. Endurnýjun

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi.

-Undanþága vegna dreifingar á svínaskít frá svínabúinu á Melum. Melar, Hvalfjarðarsveit.

-Undanþága vegna dreifingar á svínaskít frá svínabúinu á Melum. Belgsholt, Hvalfjarðarsveit.

Framlagt.

9. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða

Veislur og viðburðir ehf, Gamla Kaupfélagið, Kirkjubraut 11, Akranesi. Veitingastaður, *Nýr rekstaraðili.*

Saurstaðir, Haukadal, Dalabyggð. Heimagisting. *Nýtt leyfi*

Bjarnarhöfn ferðaþjónusta, Lágholt 19, Stykkishólmi. – Íbúðagisting.- *Nýtt leyfi*

Norðurás, Saurum, Helgafellssveit. – Sumarhús, gisting. *Nýtt leyfi*

Mýrar, Grundarfirði. – Heimagisting.- *Nýtt leyfi*

Hobbitinn ehf, Hobbitinn, Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Veitingastaður. *Endurnýjun, breyting.*
 Skólabraut 5, Hellissandi. Íbúðargisting. *Nýtt leyfi*
 Lárperla slf, Grundargata 78, Grundarfirði. Íbúð, neðri hæð. *Nýtt leyfi*
 Svansskáli ehf, Kaffi Emil, Grundargötu 25, Grundarfirði. – Kaffihús. *Nýr rekstraraðili.*
 Hruni, við Hellissand. Sumarhús, gisting. *Endurnýjun.*
 Höfðagata 1 ehf, Hótel Breiðafjörður, Aðalgötu 8 í Stykkishólmi. – *Nýr rekstraraðili*
 Keilir ehf, Lækjarbakka 6, Arnarstapa, Snæfellsbæ. Sumarhús, gisting. – *Nýtt leyfi*
 Mávaklettur 1, Borgarnesi. Heimagisting. *Nýtt leyfi*
 Egils Guesthouse, Brákarbraut 11, Borgarnesi. – *Nýtt leyfi*
 La Colina ehf, La Colina, Hrafnaklettur 1b, Borgarnesi. Veitingastaður- *Nýtt leyfi*
 Brimilsvellir, Snæfellsbæ. Heimagisting og gistiheimili. – *Endurnýju.*
 Beloxy, ehf, Garðakaffi, Görðum, Akranesi. – Kaffihús. *Nýr rekstraraðili.*
 Galito slf, Galito, Stillholti 16-18. Akranesi. –Veitingastaður.-*Endurnýjun.*
 AK 2854 ehf, M/S Gullfoss, hvalaskoðunarskip. – Veitingar. -*Nýtt*
 65°Ubuntu ehf., Farfuglaheimili Grundarfjarðar Hlíðarvegur 15, Grundarfirði. – *Endurnýjun.*
 65°Ubuntu ehf., Farfuglaheimili Grundarfjarðar Borgarbraut 9, Grundarfirði. – *Endurnýjun.*
 Kaja Organic ehf, Cafe Kaja, Kirkjubraut 54, Akranesi. – *Nýtt.*
 Hálsaból sumarhús ehf, Hálsú, Grundarfirði. 2 sumarhús, gisting. *Endurnýjun*
 Móar, Hvalfjarðarsveit. Heimagisting, sumarhús. – *Endurnýjun*
 Leifsbúð Cafe og restaurant, Búðarbraut 1, Búðardal. – veitingastaður, *nýr rekstraraðili*
 Englendingarvík ehf, Englendingavík, Skúlagata 17, Borgarnesi. –*Breyting*
 Selásar 20, Munaðarneslandi, Borgarbyggð, (sumarhúsabyggð). Sumarhús, gisting. – *Nýtt*
 OK Bistro ehf, OK Bistro Digranesgata 2, Borgarnesi. – Veitingastaður.- *Nýtt*
 Nónklettur ehf, Jörfi, Haukadal, Dalabyggð. – Heimagisting. *Nýtt*
 Ungmennafélag Íslands ehf., Laugasel, Laugum, Dalabyggð. Íbúðargisting- *Nýtt*
 Bassi ferðaþjónusta slf., Skildi, Helgafellssveit. Sumarhús. *Endurnýjun.*
 Ósland 10, Ósi, Skógarströnd, Dalabyggð. – Sumarhús, *Nýtt*
 Sundabakki 12, Stykkishólmi. Heimagisting. *Endurnýjun.*
 Pizza Pizza ehf, Domino's, Smiðjuvöllum 32, Akranesi. – Veitingaverslun - *Endurnýjun*
 Stuttárrjóður ehf, Stuttárrjóðri 3, Húsafelli, Borgarbyggð. Sumarhús, gisting- *Endurnýjun.*
 Þórishús, Reykholti, Borgarbyggð. Heimagisting. – *Nýtt leyfi*
 Kaffibollinn ehf, Hostel Munaðarnes. Farfuglaheimili, gistiskáli. – *Nýtt leyfi*
 Uppi í sveit ehf, Hestur, Borgarbyggð. Heimagisting – *Nýtt leyfi*
 Hótel Hellissandur, Klettsbúð 9, Hellissandi.-*Nýtt leyfi*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar umsagnir

10. Umsagnir til sýslumanns vegna tækifærisleyfa.

Félagsheimilið Brautartunga , Kotakinn ehf, Sumarball Ungmennafélagsins 16. júní'16
Framlagt

11. Aðrar umsagnir

-Umsögn send byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar vegna teikninga að söluskála/matsölustað á Arnarstapa.

-Umsögn send Skipulagsstofnun vegna lagningar ljósleiðarastrengs yfir Álftafjörð,
Helgafellssveit.

Framlagt

12. Önnur mál

- Gæðakokkar vs. Matvælastofnun. Dómur féll í héraðsdómi Reykjavíkur 2. júní 2016.

Framlagt.

Fundi slitið kl. 10.50

Fundarritari Helgi Helgason